

# Mér líkar ekki að prófa nýja hluti því ég geri alltaf mistök. Hvað ætti ég að gera?

—Fullkominn í Panamaborg

## Kæri fullkominn,

Kannski heldurðu að ef það sem þú gerir sé ekki fullkomið, þá sértu misheppnaður. En það er ekki satt! Í raun geta mistök hjálpað ykkur að læra og betrumbæta ykkur.

Himneskur faðir hjálpar okkur að læra smátt og smátt (sjá Kenning og sáttmálar 98:12). Í stað þess að einblína á fullkomnun, reynið að einblína á vöxt og hægt og rólega líkjast honum meira. Leitið að því sem þið gerið vel. Vinnið að því að breyta neikvæðum hugsunum um ykkur sjálf yfir í jákvæðar. Mikilvægast er, þegar þið gerið mistök—eða jafnvel 20 mistök—dragið djúpt andann, farið með bæn og haldið áfram!

Kærleikskveðjur,

*Barnavinur*

## Breytið þessu kroti í listaverk!

Einhver byrjaði á þessum teikningum en gafst upp þegar þeim fannst þær ekki vera nógu góðar. Notið sköpunargáfuna til að klára hverja teikningu. Við skulum sjá hvað getur gerst þegar við höldum áfram!

